

21. *Stjórn Lista- og menningarsjóðs Seltjarnarness*. Fimm aðalfulltrúar. Annast kaup og vörslu listaverka bæjarsjóðs. Veitir fé til menningarstarfsemi.
22. *Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga*. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara. Sitja landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga með umboð Seltjarnarneskaupstaðar.
23. *Æskulýðs- og félagsheimili Seltjarnarness*. Sjö fulltrúar (bæjarfulltrúar) í stjórn eigendafélags. Fer með stjórn reksturs Æskulýðs- og félagsheimilis Seltjarnarness.
24. *Fjárhags- og launanevnd*. Þrír aðalfulltrúar og jafnmargir til vara. Fer með gerð fjárhagsmála bæjarsjóðs, gerð fjárhagsáætlana og kjarasamninga.
25. *Starfskjaranevnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Leysir úr ágreiningi í kjaramálum er upp kemur milli samninga.
26. *Stjórn endurmenntunarsjóðs*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Metur umsóknir um endurmenntun og veitir styrki úr sjóðnum.
27. *Brunabótavirðingamaður*. Einn. Metur eignir til brunabótamats.
28. *Millimatsmaður*. Einn. Metur eignir til fasteignamats.
29. *Gjafasjóður Sigurgeirs Einarssonar*. Einn maður í stjórn auk forseta sem er sjálfkjörinn samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins. Stjórnar málum sjóðsins í samræmi við reglugerð.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar hefur gert, staðfestist hér með samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júlí 1991.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Þórhildur Líndal.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að:

1. banna U-beygju á Laugavegi austan Nóatúns á móts við Heildverslunina Heklu hf. Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.
2. biðskylda verði á Borgartúni gagnvart Höfðatúni og að sett verði upp umferðarljós á gatnamótunum. Ákvörðun þessi tekur gildi þegar kveikt hefur verið á umferðarljósunum.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. júlí 1991.

Böðvar Bragason.